

Starfsreglur fyrir Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ

1.gr.

Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ. Nefndin skal skipuð að hámarki 9 einstaklingum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Íslenskur Toppfótbolti skal tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en þriðja hvern mánuð. Starfsmaður nefndar boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast jafnframt útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu.

3.gr.

Helstu verkefni Knattspyrnu- og þróunarnefndar eru eftirfarandi:

- Knattspyrnu- og þróunarnefnd skal vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, þ.m.t. afreksstefnu og framþróunar leikmanna og landsliða.
- Vera ráðgefandi um ýmis mál í knattspyrnuhreyfingunni.

Knattspyrnu- og þróunarnefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

4.gr.

Ályktanir sem nefndin sendir til stjórnar KSÍ skulu vera samþykktar af meirihlutar nefndarinnar.

5.gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 18.09.2025